

Bæjarskrifstofur Hornafjarðar

Númer: 201902114 Mótt: 22.3.19

Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga

Afg.: Eigný Jónsdóttir

EFSS

Til sveitarstjórna

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sólhvólgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 18. mars 2019

Tilv.: SRN19020058/4.11.1

Efni: Almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Fjárfesting og eftirlit með framvindu á árinu 2019.

Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Í 79. gr. laganna segir að nefndin skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningssskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Jafnframt segir að eftirlitsnefndin skuli hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.

Á árinu 2018 tók samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið til formlegrar umfjöllunar gerð viðauka við fjárhagsáætlunir sveitarfélaga á árinu 2016. Var umfjöllun ráðuneytisins gerð í samræmi við ákvæði 109. gr. sveitarstjórnarlaga um almennt stjórnsýslueftirlit og 112. gr. um frumkvæðismál. Í meðferð frumkvæðiseftirlits ráðuneytisins kallaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá 27 sveitarfélögum þar sem ekki var samræmi milli ársreiknings 2016 og fjárhagsáætlana með viðaukum fyrir sama ár.

Með hliðsjón af hlutverki eftirlitsnefndarinnar sem að framan greinir, hefur nefndin ákveðið að taka til umfjöllunar með hvaða hætti sveitarfélög standa að eftirliti og framkvæmd fjárfestinga á árinu 2019.

Við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga liggur fyrir sundurliðuð áætlun um einstök verkefni sem flokkast í reikningssskilum þeirra sem fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. Eftirliti nefndarinnar vegna þessara verkefna verður þannig háttað að í lok árs 2019 mun nefndin óska eftir nánari upplýsingum um framgang þessara verkefna með samanburði við fjárhagsáætlun ársins 2019 með viðaukum og kanna hvernig til hefur tekist að fara að ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga um bindandi ákvæði ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins og gerð viðauka.

Í þessu samhengi mun nefndin óska eftir yfirliti um stöðu einstaka verkefna í árslok 2019 (hlutfallsleg staða gagnvart verkáætlun), samanlagður útlagður kostnaður, gildandi fjárheimild og breytingar á henni á árinu og mat á stöðu verkefnis, bæði lokið og áætlað ólokið, gagnvart gildandi fjárheimild. Verður í þessu samhengi horft til verkefna sem unnið er að á árinu 2019 hvort sem þau eiga upphaf á árinu 2019 eða fyrr. Óskað verður eftir að framangreint yfirlit sýni framangreinda þætti fyrir hvern ársfjórðung ársins og verður það nánar tilgreint undir lok ársins.

Markmið eftirlitsnefndarinnar með upplýsingaöflun þessari er að kanna hvernig sveitarfélög standa að eftirliti og framkvæmd með fjárfestingum sínum samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun ársins 2019 ásamt viðaukum.

Óskað er eftir að bréf þetta verði lagt fyrir sveitarstjórn og ef einhverjar spurningar vakna vegna efni þess er viðkomandi bent á að hafa samband við starfsmann eftirlitsnefndarinnar.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Pórir Olafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson